

Nr. 004 / 16 Ágúst GK 95***Skipverji fellur í stiga***

Skipaskr.nr. 1401
Smíðaður: Noregur 1974, stál
Stærð: 446 brl. 601 bt.
Mesta lengd: 52,82 m Skráð lengd: 48,46 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6,45 m
Vél: Wichmann 727 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 14



Ágúst©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. febrúar 2015 var Ágúst GK 95 á siglingu á leið til hafnar. Veður: 10 m/sek ölduhæð 2 m.

Skipverjar voru að vinna við þrif en þegar einn þeirra ætlaði að fara milli þilfara niður stiga rann skipverjinn til og féll niður á millipilfar. Stiginn var hefðbundinn 10 þrepa stálstigi með um 30° halla.

Við rannsókn kom fram:

- að stiginn var staðsettur innan skips milli stakkageymslu og millidekks;
- að skipverjinn var í efsta þrepi og var að snúa sér við til að fara niður stigann aftur á bak þegar hann féll;
- að nýbúið var að bera sápu á stigaprepin vegna þrifa á landstími;
- að skipverjinn hélt á borvél í annarri hendinni;
- að stigaprepin voru járnplötur með upphleyptum rillum og með kornum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.